

142. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Ragna Halldórsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Ingþór Guðmundsson, Már Karlsson.

Staður og stund: 4. apríl 2013, kl. 9:30 – 10:50, Suðurlandsbraut 24 hjá Úrvinnslusjóð

Þetta gerðist

1. Undirbúningur aðalfundar.

Fundarsalur hefur verið staðfestur. **HHG** er tengiliður við rekstraraðila.

RH er að vinna yfirlit yfir hverjir hafa greitt félagsgjöld vegna atkvæðagreiðslu. **RH** sendir tillögur að starfsáætlun. **RH** og **MK** vinna að gerð ársreikninga.

Tillaga um breytingar á samþykktum um atkvæðavægi verður undirbúin. Breyta þarf bæði 2. og 4. gr. **MK** hefur lagt fram tillögu um hvernig þetta megi vera miðað við félagsgjöld. Fram kom tillaga um að breyta einnig 7. gr. og setja á dagskrá aðalfundar „Ákvörðun árgjalds“. **BS** gerir tillögu um texta inni samþykktir félagsins og breytingartillögu til að leggja fram á fundinum. Stjórnin vill senda félagsmönnum breytingatillögur nokkrum dögum fyrir fundinn.

Efni á ráðstefnu:

- Kjartan Ingvarsson, umhverfisráðuneyti, verður með erindi um lagabreytingar og landsáætlun
- **IG** fær staðfestingu á nafni á erindi og fyrirlesara frá Hafnarfjarðarbæ um breytingar í sorpmálum.
- Erfitt er að taka á móti svo stórum hóp í álverið svo **BS** kannar hvort hægt sé að fá kynningu á úrgangsmálum inná ráðstefnuna.
- **IG** kannar hvort hægt sé að fá kynningu á vottun umhverfisstjórnunar, ISO14001 frá Gámaþjónustu
- Guðmundur Tryggvi verður með kynningu á landgræðsluverkefni **GTÓ**
- Við erum velkomin í skoðunarferð í Hraunsvík. Tengiliður er **IG**
- Margrét Gauja Magnúsdóttir hefur samþykkt að taka að sér fundarstjórn á aðalfundi og ráðstefnu.

2. ISWA

ISWA kallar eftir National Member Report. **RH** og **HHG** eru að ljúka því og munu senda til ISWA.

3. Önnur mál.

HHG og **BS** hittu Kristínu Lindu Árnadóttur og Gunnlaugu Einarsdóttur hjá Umhverfisstofnun vegna úrsagnar Ust úr FENÚR. Rætt var um mikilvægi samtarfsvettvangsins og að stofnunin geti nýtt hann betur. Þau gætu haft meira frumkvæði í því að óska eftir að Fenúr taki upp mál sem eru í brennidepli og þörf er á að ræða við hagsmunaaðila og sérfræðinga. Einnig mætti setja á fót vinnuhópa um einstök málefni. Enginn annar vettvangur eða samtök ná til allra þeirra aðila sem mynda FENÚR.

Slæmt væri að missa svo mikilvægan aðila sem Umhverfisstofnun úr þessum hópi.
Óánægja með hækkun félagsgjalda kom fram en núverandi stjórn vísar til tveggja
aðalfunda þar sem þau mál voru rædd. Ust mun skoða málið og vera í sambandi.

Næsti fundur 6. maí kl. 9:30, líklega símafundur.
Fundarritari: Bryndís Skúladóttir